

# Glasgow yfirlýsing IFLA um bókasöfn, upplýsingaþjónustu og vitsmunalegt frelsi

**Fundur í Glasgow í tilefni 75 ára afmælis stofnunar IFLA - Alþjóðlegra samtaka bókavardafélaga og stofnana (International Federation of Library Associations and Institutions) kunngerir eftirfarandi:**

IFLA lýsir yfir þeim grundvallarrétti manna bæði til þess að hafa aðgang að upplýsingum og til að geta tjáð þær án nokkurra hamlana.

IFLA og aðildarfélög þess um víða veröld styðja, verja og stuðla að vitsmunalegu frelsi eins og það er skilgreint í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Vitsmunalegt frelsi tekur til auðlegðar mannlegrar þekkingar, skoðana, skapandi hugsunar og vitsmunalegrar virkni.

IFLA staðhæfir að fylgi við vitsmunalegt frelsi sé þungamiðja ábyrgðar starfsstétta bókasafna og upplýsingamiðstöðva um heim allan og komi fram í siðareglum starfsins og sé látið í ljósi í starfinu sjálfu.

## **IFLA lýsir eftirfarandi yfir:**

- Bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar veita aðgang að upplýsingum, hugmyndum og skáldskap á hvaða formi sem er og án tillits til landamæra. Þau þjóna sem lykill að þekkingu, hugsun og menningu og láta í té mikilvægan stuðning við sjálfstæði í ákvarðanatöku, þróun menningar, rannsóknir og símenntun bæði fyrir einstaklinga og hópa.
- Bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar leggja fram sinn skerf til vaxtar og viðgangs vitsmunalegs frelsis og aðstoða við að tryggja lýðræðislegt gildismat og almenn borgaraleg réttindi. Þar af leiðandi eru þau skuldbundin til að veita viðskiptavinum sínum aðgang að viðeigandi heimildum og þjónustu án takmarkana og í andstöðu við hvers konar ritskoðun.
- Bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar eiga að afla, varðveita og gera mismunandi tegundir efnis aðgengilegar, sem endurspeglar menningu og fjölbreytileika þjóðfélagsins. Val og aðgengileiki safnkosts og þjónustu eiga að lúta faglegum sjónarmiðum en ekki stjórnmálalegum, siðferðilegum eða trúarlegum viðhorfum.
- Bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar eiga að gera safnkost, aðstöðu og þjónustu jafn aðgengilega fyrir alla notendur. Engrar mismununar á að gæta á nokkurn hátt vegna kynþáttar, uppruna eða þjóðernis, kyns eða kynhneigðar, aldurs, fötlunar, trúarbragða eða stjórnmálaskoðana
- Bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar eiga að vernda rétt sérhvers bókasafnnotanda á einkalífi og trúnaði varðandi upplýsingar sem leitað er að eða tekið er á móti svo og heimildir sem flett er upp í, fengnar eru að láni, aflað eða dreift.

Í ljósi ofanritaðs hvetur IFLA bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar og starfsfólk þeirra til að styðja og efla grundvallaratriði vitsmunalegs frelsis og til að veita óhindraðan aðgang að upplýsingum.

*Yfirlýsingin var útbúin af IFLA/FAIFE, samþykkt af framkvæmdastjórn IFLA í Haag í Hollandi þann 27. mars 2002 og staðfest af fulltrúaráði IFLA í Glasgow í Skotlandi þann 19. ágúst 2002.*

IFLA - Alþjóðleg samtök bókavardafélaga og stofnana voru stofnuð í Edinborg árið 1927. Aðildarfélög IFLA eru um 1.700 í 150 löndum um heim allan. FAIFE, sem stendur fyrir Free Access to Information and Freedom of Expression, er nefnd innan IFLA, sem

stofnuð var formlega á IFLA ársþinginu í Kaupmannahöfn árið 1997. Skrifstofa FAIFE opnaði þar 1. júlí 1998. Um IFLA og starfsemi samtakanna má fræðast nánar á heimasíðu þeirra [www.ifla.org](http://www.ifla.org) og hjá FAIFE er heimasíðan [www.ifla.org/faife/](http://www.ifla.org/faife/).

***(Þórdís T. Þórarinsdóttir þýddi)***

Latest Revision: September 18, 2004

Copyright © International Federation of Library Associations and Institutions

[www.ifla.org](http://www.ifla.org)